

Stjórnarfundur nr. 8
11. desember 2013 kl.19:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Arinbjörn Friðriksson og Guðmundur A. Guðmundsson. Delia Howser, Ólafur E Jóhannesson og Brynja Tomer boðuðu forföll.

Ritari: Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdstjóri.

Dagskrá:

1. **Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ**
Framkvæmdastjóri sagði frá endurnýjuðum samstarfssamning við Vís.
2. **Fulltrúaráðsfundur**
 - Fundargerð komin á vefsíðu.
Mjög dræm mæting.
Ákveða í framhaldinu fund í janúar/febrúar vegna stefnumótunarvinnu. Guðmundur kemur með tillögur að dagsetningu.
1. **Ra ehf.**
Tryggingarbréfi á Ra ehf í Íslandsbanka verður aflýst og bankinn hefur lofað að senda fullnaðarkvittun vegna skuldaniðurfellingar fyrir áramót.
2. **Erindi frá St. Bernharðsdeild – tölvupóstur 9. desember [Fylgiskj. A-2650](#)**
Samþykkt, gildir frá 1.janúar 2014.
1. **Erindi frá Veiðiprófanefnd - tölvupóstur 2. desember. Fylgiskj. A-2651**
Frestað frá síðasta stjórnarfundum þar sem fylgiskjöl voru ekki aðgengileg
Samþykkt með þeim fyrirvara að prófið sem er áætlað að sömu helgi og sýning HRFÍ, lendi ekki á sama degi og grúbba 7 á sýningunni.
2. **Erindi frá Schnauzerdeild – tölvupóstur 25. nóvember. Fylgiskj [A-2652](#), [A2652a](#)**
Samþykkt
3. **Erindi frá Jorgen Hindse, president of the FCI Europe Section.**
Stjórn barst erindi sem við þarf að svara fyrir 31. janúar 2014, gögn voru afhent á stjórnarfundum til kynningar og á tölvupósti til stjórnar.
4. **Grundvallarreglur HRFÍ**
Eftir fulltrúaráðsfund 31. október 2012 eða 1. nóvember 2012 kom tölvupóstur til stjórnar HRFÍ frá Vilhjálm Ólafssyni þar sem hann leggur til að grein 1.3 í grundvallarreglum HRFÍ verði breytt.
Þar sem HRFÍ hefur haft grundvallarreglur SKK til hliðsjónar þá var ákveðið að þýða gildandi grundvallarreglur SKK sem tóku gildi 1. janúar 2009. ´
Tillögur stjórnar að breytingum bárum við undir Ingibjörgu Björnsdóttur hdl., sem mælti með breytingu á orðalagi til samræmis við gildandi meiðyrðalöggjöf. Jafnframt lagði Ingibjörg til að fyrirhugaðar takmarknir verði einnig settar í lög félagsins. Stjórn sendi tillögur að breytingu grundvallarreglnanna einnig til Síðanefndar HRFÍ, sem lagði blessun sína yfir þessar breytingar á grein 1.3. Þar sem SKK að taka í gagnið nýjar grundvallarreglur 1. janúar 2014 var Klara Símonardóttir fengin til að fara yfir helstu fyrirhugaðar breytingar. Lagt er til að stjórnarmenn lesi þessar breytingar og tillögur Klöru og komi með athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund. Nýjar grundvallarreglur verða síðan kynntar til samþykktar á næsta aðalfundi HRFÍ ásamt lagabreytingu sbr. tillögu Ingibjargar.

5. **Sólheimakot – úrsögn nýskipaðra félagsmanna í stjórn Sólheimakots:**

Tölvupóstar 3. og 4. desember. Þeir aðilar, þau Jón Ásgeir Einarsson, Pétur Alan Guðmundsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Bragi Valur Einarsson, sem gáfu kost á sér í stjórn Sólheimakots sendu öll samhljóða tölvupóst sendu öll eftirfarandi samhljóða texta: Ég undirritaður hef ákveðið að taka ekki sæti í stjórn Sólheimakotsnefndar þar sem núverandi reglugerð stjórnar HRFÍ er í engu samræmi við það sem upp var lagt með.

Stjórn var sammála um að fresta málinu og bjóða þeim aðilum, sem stjórn HRFÍ skipaði í stjórn Sólheimakots og hafa nú sagt af sér, á næsta stjórnarfund ef þeir svo kjósa.

6. **Önnur mál**

• **Erindi frá Brynju Tomer varðandi samhljóða mál í vinnslu:**

1.

1. Erindi frá félagsmanni (ÞK)11. apríl 2013.
2. Erindi frá félagsmanni (Unni Hagalín) 2. september.

Þar sem þessi tvö erindi fjalla um sama efnið var ákveðið á stjórnarfund 7. október að Fríður Esther og Herdís tækju málið til skoðunar fyrir nóvemberfund, málið er í vinnslu.

• **Erindi frá skrifstofu vegna orðalags í reglugerð um skráningu hvolpa.**

Skrifstofa óskar eftir að stjórn endurskoði orðalag í reglugerð um skráningu hvolpa. VIII.

Pörunarvottorð, Regla varðandi nöfn á hvolpum í gotum:

Er núna:

4. Ekki má auðkenna got á neinn hátt nema með eigin ræktunarnafni. Eina orðið sem má endurtaka í skráningu á goti er ræktunarnafn viðkomandi.

Breyta í:

4. Auðkenna skal got með eigin ræktunarnafni. Ekki er heimilt að auðkenna got með ræktunarnafni annars ræktenda.

Við erum búin að fara yfir reglugerð FCI er kemur að skráningu gota og getum hvernig séð að samkvæmt FCI reglum megi sama orðið ekki endurtaka tvisvar enda virðumst við vera eina landið með svona harðar reglur er kemur að hvolpanöfnum.

Samþykkt

Fundi slitið kl.21.40